

Nd.

763. Frumvarp til laga

[448. mál]

um hækkun elli- og örorkulífeyris.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason,
Jón Baldvin Hannibalsson.

1. gr.

Upphæð ellilífeyris og örorkulífeyris, skv. lögum nr. 67/1971, með áorðnum breytingum, sbr. 11. og 12. gr. þeirra laga, skal hækka um 20% hinn 1. maí 1985.

Hinn 1. maí 1985 skal uppbót á lífeyri (tekjutrygging) skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með áorðnum breytingum, svo og heimilisuppbót skv. 2. mgr. 19. gr. þeirra laga, hækka um sama hlutfall og segir í 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Á árinu 1985 er fjármálaráðherra heimilt að lækka ríkisútgjöld frá því sem ákveðið er í fjárlögum fyrir árið 1985 um allt að 180 milljónum króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kaupmáttur elli- og örorkulífeyris hefur fallið mjög á undanförunum árum, þannig að hann er nú einungis um 64% þess sem hann var 1978 og tekjutrygging þyrfti að hækka um

22—25% til að ná sama kaupmætti og 1978. Samkvæmt upplýsingum aðila, sem best til þekkja, búa nú margir elli- og örorkulífeyrisþegar við hörmulega kröpp kjör og stór hópur eldra fólks „hefur þjást af næringarskortu í skemmri eða lengri tíma“. Þetta þarf e. t. v. ekki að koma á óvart þegar haft er í huga hve bágar lífeyrisgreiðslur eru nú orðnar.

Í meðaltalstölum um kaupmátt ráðstöfunartekna er bæði tekið tillit til launaskriðs og skattalækkana. Hvorugt þessa kemur elli- eða örorkulífeyrisþegum til góða. Þess vegna dragast þeir enn frekar aftur úr. Til þess að bregðast við þessu er það eitt til ráða að hækka lífeyrinn þeim mun meira.

Staðreyndin er því miður sú að þessi tekjulægsti hópur þjóðfélagsins hefur tekið á sig hvað mesta kjaraskerðingu allra. Um rýrnun kaupmáttar elli- og örorkulífeyris vísast að öðru leyti til fylgiritis sem er fengið úr Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar. Við það er því að bæta að kaupmáttur um þessar mundir (apríl 1985) mun vera milli 3—4% lakari en á seinasta ársfjórðungi 1984 sem er seinasta talan í yfirliti Kjararannsóknarnefndar.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að elli- og örorkulífeyrir svo og tekjutrygging hækki hinn 1. maí n. k. um 20%. Með því móti næðist svipaður kaupmáttur að því er tekjutryggingu varðar og var að meðaltali árin 1979—1981, en í almennum elli- og örorkulífeyri næðist svipaður kaupmáttur og var að meðaltali á fyrri árshelmingi 1983. Engu að síður mundi kaupmáttur hins almenna lífeyris því miður enn vera um 23% lægri en hann var árið 1978. Hér er því um lágmarksleiðréttingu að ræða.

Alla Íslendinga hryllir við að heyra að stór hópur aldraðra, sem skilað hafa æviverki sínu í þágu lands og þjóðar, búi við vannæringu og enn stærri hópur þeirra búi við neyðarkjör. Þannig má þetta ekki vera. Úr því verður strax að bæta. Sé talið að svigrúm skorti í fjárlögum ríkisins er ekki að efa að landsmenn munu reiðubúnir að taka því að sparað sé á rekstrarliðum á öðrum sviðum, dregið úr fyrirhuguðum framkvæmdum eða aflað viðbótartekna í þeim mæli sem annað reynist sannanlega ógerlegt.

Meginatriðið er að Íslendingar vilja ekki að sorfið sé að öldruðum og öryrkjum með þeim hætti sem nú hefur gerst.

Lagafrumvarp það, sem hér er flutt, er með svipuðu formi og lögin um fjármálaráðstafanir til verndar líf skjörum og þannig eins og þar gert ráð fyrir heimild til fjármálaráðherra til lækkunar ríkisútgjalda.

Athugasemdir við einstakar greinar.

1. gr.

Samkvæmt þessari grein skulu ellilífeyrir og örorkubætur hækka um 20% hinn 1. maí n. k. Samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 getur ráðherra ákveðið hækkun bóta í samræmi við breytingar á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal hann gera það innan 6 mánaða frá breytingunni. Sú heimild hrekkur ekki til að jafna þá kaupmáttarrýrnun sem safnast hefur upp á undanförunum árum. Til þess þarf þannig sérstaka lagaheimild eins og hér er gert ráð fyrir.

2. gr.

Greinin skýrir sig sjálf og er af sama tagi og í lögunum um fjármálaráðstafanir til verndar líf skjörum.

3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Ársfjórðungs- og ársmeðaltöl fyrir vísitölur kaupmáttar nokkurra lífeyristryggingabóta
almannatrygginga 1969—1984.

Miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.
1980 — 100.

	Elli-/örorku- lífeyrir	Elli-/örorku- lífeyrir að viðbætti tekjutryggingu	Barna- lífeyrir á hvert barn	Mæðra- laun miðuð við 3 börn og fleiri
1969	77,25		66,20	77,25
1970	78,95		67,66	78,95
1971	95,11	53,05	87,78	95,13
1972	111,13	88,09	111,15	111,14
1973	109,64	86,91	109,65	109,66
1974	109,69	87,86	109,70	109,69
1975	93,68	84,75	93,69	93,03
1976	90,62	85,54	90,62	90,61
1977	99,08	95,38	99,08	99,08
1978	108,06	104,95	108,06	108,06
1979	105,19	103,46	105,19	105,19
1980	100,00	100,00	100,00	100,00
1981	98,44	103,32	98,47	98,43
1982	95,43	101,37	95,44	95,43
1983	75,43	85,17	75,42	84,93
1984	70,14	85,34	80,44	122,08
1982 1. ársfj.	98,80	104,60	98,80	98,80
2. ársfj.	96,66	102,34	96,67	96,66
3. ársfj.	97,04	105,17	97,04	97,03
4. ársfj.	90,76	99,16	90,80	90,77
1983 1. ársfj.	85,78	95,39	85,77	85,80
2. ársfj.	78,76	88,35	78,76	84,39
3. ársfj.	71,59	81,59	71,59	86,17
4. ársfj.	69,49	79,20	69,47	83,65
1984 1. ársfj.	69,02	80,84	72,99	98,01
2. ársfj.	69,89	85,99	81,47	127,51
3. ársfj.	68,81	84,67	80,22	125,56
4. ársfj.	72,61	89,35	86,22	134,92